

Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík 12. nóv. 2014

Umsögn um þingskjal 295 — 257. mál.

Frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Almennar athugasemdir:

Fyrir hönd Sálfræðingafélags Íslands tekur undirrituð undir að sannarlega er þörf fyrir aukna þjónustu við fatlaða og þroskahamlaða, bæði börn og fullorðna og fjölskyldur þeirra. Að stefnt sé að aukinni samfellu og samræmingu þjónustu er að sama skapi líka jákvætt. Ljóst er að markmiðið með frumvarpinu er að styrkja þjónustu en ekki veikja. Hins vegar kemur fram í skýringum að ekki sé að vænta aukinna fjárveitinga til nýrrar stofnunar þar sem mikið hagræði verði af sameiningunni. Við þetta síðastnefnda verður að gera alvarlegar athugasemdir.

Af frumvarpinu er ljóst að verulega er verið að útvíkka þjónustu þeirra stofnana sem í hlut eiga, frá því sem nú er, bæði hvað varðar hlutverk og þann hóp sem þjónusta á. Af umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins um frumvarpið má sjá að ekki hefur verið greint hvað það þýðir að bæta við þjónustu við fullorðna með einhverfu og alvarlegar þroskaraskanir en aftur á móti leiddar að því líkur að svigrúm í útgjaldaramma nýrrar stofnunar muni með tímanum gera kleift að bæta þjónustunni við. Þetta verður að teljast afar varhugaverð ályktun og ástæða er til að undirstrika að fjárveitingar til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins eru af svo skornum skammti í dag að stofnunin nær ekki að sinna lögbundinni þjónustu sinni og smábörn bíða nú þegar á löngum biðlista eftir þjónustu. Sú spurning hlýtur að vakna hvort ekki sé ástæða til að undirbúa málið betur og greina þá þætti sem um ræðir, áður en haldið er af stað.

Athugasemdir við 1. grein frumvarpsins:

Fram kemur að þjónustumiðstöðinni er ætlað að sinna *ráðgjöf, greiningu, meðferð, hæfingu og endurhæfingu auk þess sem hún á að vera þekkingarmiðstöð, veita sérhæfða aðstoð eftir því sem við á og sinna rannsóknum og fræðastarfi*. Hlutverk miðstöðvarinnar er út frá þessu gríðarlega víðfeðmt og umfangsmikið og af lestri greinarinnar má álykta að hlutverk til dæmis Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, hljóti að víkka verulega út, frá því sem nú er auk þess sem skjólstæðingahópurinn mun gerbreytast á nokkrum árum. Undirrituð varar við því að hafa skilgreiningar á hlutverki stofnunarinnar víðari en svo að hægt verði að uppfylla hlutverkið með þeim fjárveitingum sem stofnunni verður úthlutað, slíkt getur komið skjólstæðingum stofnunarinnar afar illa.

Athugasemdir við 4. grein frumvarpsins:

Í greininni kemur fram að miðstöðin muni sinna þjónustu sem spannar frá „fyrsta stigs“ þjónustu til „þriðja stigs“ þjónustu, eftir því hvaða skerðingar, hamlanir eða mein eiga í hlut. Það er umhugsunarefni hvernig slík þjónusta fer saman, ekki síst út frá jafnræðissjónarmiðum.

Athugasemdir við 6. grein frumvarpsins:

Ástæða er til að fagna því sem undirstrikað er í 6. grein frumvarpsins, að miðstöðinni sé ætlað að vera þekkingarmiðstöð. Í greininni kemur fram að „*Miðstöðin skal annast öflun og miðlun upplýsinga og þekkingar, jafnt hérlendis sem erlendis, stunda fræðilegar rannsóknir og taka þátt í þróunarverkefnum og erlendu samstarfi...*“. Vert er að vekja athygli á nauðsyn þess að tryggja stofnuninni nægjanlegt fjármagn til að sinna þessu hlutverki sínu svo það verði ekki einungis í orði.

Athugasemdir við ákvæði I til bráðabirgða:

Í ákvæðinu er kveðið á um réttindi starfsmanna. Þar segir:

„Starfsmönnum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, Heyrnar- og talmeinstöðvar, Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga og TMF Tölvumiðstöðvar skal boðið starf við hina nýju stofnun með óbreyttum starfskjörum og ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um auglýsingaskyldu eiga ekki við um flutning starfsmanna samkvæmt ákvæðinu. Starfsmenn kunna þó að þurfa að hlíta breytingum á starfi vegna skipulags hinnar nýju stofnunar.“

Hvergi er nefnt hvort biðlaunaréttur komi til álita í einhverjum tilvikum, en það lítur út fyrir að ekki sé alltaf verið að bjóða sambærileg störf. Vísað er til orðalags í ákvæði til bráðabirgða ásamt skýringum við ákvæði til bráðabirgða. Þar er tekið fram að starfsmönnum skuli boðið nýtt starf og er sérstaklega tekið fram að „*Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að þeim starfsmönnum sem starfa hjá stofnunum þremur verði boðið starf við hina nýju stofnun og að þeir þurfi ekki að sæta skerðingu á kjörum sínum þótt breytingar geti orðið á störfum þeirra vegna skipulagsbreytinga í kjölfar sameiningarinnar.*“

Starfsmenn þurfa að þola mikla óvissu bæði um störf þeirra og verksvið og er mikilvægt að það liggja fljótt fyrir hvaða störf starfsmönnum verði boðið. Um breytingar á starfi og verksviði gildir 19. gr. laga um réttindi og skyldur nr. 70/1996 en þar segir:

Skylt er starfsmanni að hlíta breytingum á störfum sínum og verksviði frá því er hann tók við starfi. Starfsmaður getur kosið að segja upp starfi sínu vegna slíkra breytinga, enda skýri hann ráðherra eða forstöðumanni frá því innan eins mánaðar frá því að breytingarnar voru tilkynntar honum. Ef breytingarnar hafa í för með sér skert launakjör starfsmanns eða réttindi skal hann halda óbreyttum launakjörum og réttindum þann tíma sem eftir er af skipunartíma hans í embætti eða jafnlangan tíma og réttur hans til uppsagnarfrests er samkvæmt ráðningarsamningi, sbr. 46. gr.

Rétt er að benda á að samkvæmt 19. gr. er það lagt á herðar starfsmanni að segja upp starfi sínu ef hann er ekki sáttur við þær breytingar eða starf sem honum verður boðið. Það hefur t.d áhrif á rétt hans til atvinnuleysisbóta ef honum er gert að segja upp með þessum hætti. Mikilvægt er að fundin verði lausn á þessu með hagsmuni starfsmanna í huga en í einhverjum tilvikum gæti verið það mikil breyting á starfi og verksviði að um niðurlagningu starfs sé að ræða sem gæti þýtt að starfsmaður ætti jafnvel biðlaunarétt, uppfylli hann skilyrði um biðlaun lögum samkvæmt.

Þá vaknar sú spurning af hverju aðilaskiptalög nr. 72/2002 eru ekki notuð við þessa sameiningu.

Virðingarfyllst,
f.h. Sálfræðingafélags Íslands

Halla Þorvaldsdóttir
framkvæmdastjóri